



Ferilsskrá

Menntun

1. Stúdent frá ML 1971.
2. Viðskiptafræðingur frá HÍ 1976 af þjóðhagskjarna. Lokaritgerð fjallaði um mat og endurgjald jarðhitaréttinda. Ábyrgðaraðili var prófessor Guðmundur Magnússon.
3. Framhaldsnám í þjóðhagfræði við háskólann í Uppsala í Svíþjóð 1976-1980 með áherslu á stærðfræðilega hagfræði, hagrannsóknir, fjármál og peningamálahagfræði.
4. Löggiltur fasteignasali frá júní 2016.

Starfsreynsla

1. Hóf störf sem sérfræðingur í Landsbanka Íslands í Hagfræði- og áætlanadeild 1980, forstöðumaður Hagfræðideildar bankans frá 1985- 1988. Framkvæmdastjóri Fjármálasviðs 1988- 1992 og forstöðumaður Fjárstýringar á Alþjóða- og fjármálasviði frá þeim tíma til 1. apríl 2003.
Leiddi uppbyggingu fyrstu viðskiptastofu Landsbankans. Fékk m.a. erlenda sérfræðinga til að halda námskeið fyrir æðstu stjórnendur bankans um ALM, ALCO og áhættustýringu almennt. Samhliða störfum í Landsbanka gegndi ég starfi framkvæmdastjóra SÍV- Sambands íslenskra viðskiptabanka (nú SFF) frá 1986-1992.
2. Hóf störf hjá KB banka 1. febrúar 2004 með staðsetningu í Kaupthing Bank Sverige í Stokkhólmi. Verkefni þar voru að taka þátt í uppbyggingu Fyrirtækjasviðs (Corporate Banking) einingar sem ekki var þar fyrir og að samhæfa vinnubrögð í stórum lánveitingum og sambankalánnum milli Kaupthing Bank Sverige og höfuðstöðva KB banka á Íslandi.
3. Var ráðinn til SPRON 1. nóvember 2005 til að stofna Fyrirtækjaráðgjöf SPRON (Corporate Finance) . Fluttist snemma á árinu 2006 yfir í Fjárstýringu SPRON. Starfaði þar síðan sem sérfræðingur og tók þátt í uppbyggingu fjárstýringar og stjórnun lausafjárstöðu til

marsloka 2009 . Helstu verkefni voru í erlendum samskiptum og erlendri lánsfjáröflun auk innlendra langtímafjármögnunar.

4. Hóf störf í Fjármálaeftirliti (FME) í febrúar 2010. Helstu ábyrgðarverkefni voru uppbygging eftirlits með lausafjárahættu, þróun ferla vegna ICAAP og SREP (innra mat á eiginfjárbörf) og verkstjórn vegna “sign-off “skilyrða sem nýju bönkunum voru sett. Skilyrði þessi sem Fjármálaeftirlitið setti, tengdust starfsleyfum nýju bankanna og voru annarsvegar fjárhagslegs eðlis, eins og auknar eiginfjár- og lausafjárkröfur, en einnig fjöldi skilyrða sem tengdust áhættustýringu og stjórnarháttum (Risk Management and Corporate Governance). Sat í vinnuhópi þeim sem stýrt var af Seðlabanka um afnámsáætlun vegna gjaldeyrishafta frá mars 2011. Lauk störfum í Fjármálaeftirliti í júní 2011.

5. Starfaði að sjálfstæðum ráðgjafarverkefnum, sem einkum tengjast fjármálamarkaði, lána- markaði og gjaldeyrismarkaði. Verkefnin tengdust innlendum og erlendum fjármála- stofnunum en einnig erlendum PE (Private Equity) fyrirtækjum í USA og á Norðurlöndum.

6. Stofnaði fyrirtækið Vildarhús ehf. í nóvember 2014.

7. Starfaði auk þess sem löggiltur fasteignasali hjá Ársölum-fasteignamiðlun.

8. Vildarhús átti frumkvæði að stofnun Leigufélags aldraðra hses í samvinnu við FEB félag eldri borgara. Vildarhús hafði umsjón með byggingum á vegum Leigufélags aldraðra í Vatnsholti 1-3 í Reykjavík og Dalbraut 6 á Akranesi.

9. Hefur komið að sölu fasteigna á Spáni. Er með góð tengsl við Euromarina og Immosol sem eru stór spænsk byggingarfyrirtæki.

Af öðrum stórum verkefnum má nefna að Ólafur Örn var í forsvari innan Landsbankans þegar bankinn tók að sér leiðandi hlutverk innanlands með þátttöku innlendra og erlendra banka í fjármögnun Hvalfjarðarganga á framkvæmdatíma. Má telja það verkefni eitt best heppnaða einkaframkvæmdarverkefni á Íslandi. Útfærsla verkefnisins skildi eftir mikla reynslu í Lands- bankanum.

Ólafur Örn var í nokkur ár forseti í ACI Ísland, alþjóðlegum samtökum fagfólks á fjár- magnsmarkaði.

Ólafur Örn hefur haldið fjölda kynninga og námskeiða á starfsferli sínum. Kenndi í Banka- mannaskólanum á sínum tíma og um skeið þjóðhagfræði í Verkfræðideild HÍ.

Sem forstöðumaður Hagfræðideildar Landsbankans skrifaði Ólafur Örn reglulega fréttabréf á ensku “ Economic Outlook “ sem m.a. var dreift til allra sendiráða Íslands.

Persónulegir eiginleikar, félagsstörf og einkalíf

Á starfsferli sínum hefur Ólafur Örn umgengist og kynnst fjölda erlendra bankamanna auk þess að taka þátt í kynningum og undirbúningi fyrir lánshæfismatsfyrirtækin Moody's og Fitch á fyrstu árum lánshæfismats á íslenskum bönkum. Þá hefur Ólafur Örn umgengist, unnið með og þekkir fjölda aðila innan bankakerfis, stofnana og ráðuneyta auk fjölda aðila úr atvinnulífi og viðskiptalífi.

Ólafur Örn er virkur í félagslífi. Var stofnfélagi í Rótarýklúbbnum Reykjavík- Árbær og gengdi öllum helstu trúnaðarstörfum þar.

Hefur setið í stjórn SOS Barnaþorpa á Íslandi sl. 20 ár.

Sat í endurskoðunarnefnd Íslenska lífeyrissjóðsins um árabil.

Stundar líkamsrækt reglulega, er í mjög góðu líkamlegu formi og hefur gaman af útivist og allri tónlist.

Ólafur Örn er giftur Ingibjörgu Guðmundsdóttur og eiga þau eina dóttur Hrund og tvo afastráka.